Fimmtudaginn 13. Október kl. 20:00

Ferðast þú til fjalla að vetrarlagi?

Safetravel, Sjóvá og Slysavarnafélagið Landsbjörg býður á opið fræðslukvöld með snjóflóðaþema í Háskólanum í Reykjavík fimmtudaginn 13. október kl. 20:00

Dagskrá:

- Smári Sigurðsson formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar býður þátttakendur velkomna.
- Kristján B. Tómasson leiðbeinandi í snjóflóðum fjallar um mannlega þáttinn og snjóflóð, fjórðu breytuna og hvernig okkar ákvarðanir hafa áhrif á hegðun okkar á snjóflóðahættusvæðum.
- Per Olov Wikberg frá snjóflóðadeild sænsku náttúruverndarsamtakanna flytur stutt erindi um hvernig má nýta snjallsíma til að meta snjóflóðahættu.
- Mike Wiegela frá Kanada kallar fyrirlestur sinn Snjóflóðaspár sem hjálpartæki í vetrarferðamennsku: 5 þrepa gátlisti.

Kristján B. Tómasson

Kristján starfar m.a. sem leiðbeinandi í snjóflóðum hjá Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar auk þess sem hann skrifar kennsluefni. Hann situr einnig í fagráði snjóflóða og ferðast mikið um fjöll að vetri til. Kristján er meðlimur í Súlum, björgunarsveitinni á Akureyri og starfar þar sem undanfari. Áhuginn á viðfangsefninu kviknaði þegar Kristján sjálfur grófst í snjóflóði.Kristján er með BA-gráðu í sálfræði.

Per Olov Wikberg

Per-Olov starfar hjá Swedish Mountain Safety Council auk þess að samhæfa störf alþjóðlegs vinnuhóps er beitir sér að forvörnum á fjöllum. Vinnuhópurin er hluti af ICAR, alþjóðlegum samtökum fjallabjörgunarfólks.

Mike Wiegela

Samhliða velgengni sinni í alþjóðlegu skíðaumhverfi hefur Mike Wigele sinnt öryggismálum. Hann stofnaði The Canadian Ski Guide Association sem þjálfaði fjallaskíðaleiðsögumenn og sinnti gæðamálum fyrir sama hóp svo og vélsleðamenn. Í samstarfi við kanadísku ríkisstjórnina og Háskólann í Calgary stofnaði Mike The Blue River Avalanche Research Centre.

safetravel.is
The official source for safe adventure in Iceland

SJÓVÁ

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG